

Ed.

508. L Ö G

um breyting á og viðauka við lög 1. febrúar 1917 um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum.

(Afgreidd frá Ed. 17. ágúst).

1. gr.

3. gr. 4. liður nefndra laga 1. febrúar 1917 orðist þannig:

Enn fremur má landsstjórnin, ef almenningsþörf í einhverju bygðarlagi eða í landinu í heild sinni krefur, taka eignarnámi nauðsynjavörur hjá kaupmönnum, framleiðendum eða öðrum, gegn fullu endurgjaldi. Landsstjórnin ákveður sjálf, hverjar vörur skuli teljast nauðsynjavörur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.